

Tandri Már Konráðsson – handknattleiksmaður Stjörnunnar

Stjörnumaður í húð og hár, leiðtogi og fyrirliði mfl. Liðs karla í handbolta. Draumur hvers þjálfara og afar flott fyrirmynd bæði fyrir yngri leikmenn í meistaraflokknum sem og yngri iðkenda. Alltaf viljugur til að aðstoða við ýmislegt sem tengist deildinni. Flottur leikmaður sem gefst aldrei upp og sífellt hvetjandi á jákvæðan hátt.



Leó Snær Pétursson – handknattleiksmaður Stjörnunnar

Er á sínu þriðja tímabili með Stjörnunnar, kom frá Svíþjóð á sínum tíma og hefur á öllum tímabilum sínum bætt sinn leik og á núverandi tímabili er hann að spila sinn allra besta leik. Er hann markahæstur leikmaður Stjörnunnar á tímabilinu. Einkar skemmtilegur á velli og óútreiknanlegur í sóknaraðgerðum sínum og eru markmenn andstæðinganna oft á tíðum á gati þegar hann kemst í sóknarfæri.



Ægir Þór Steinarsson – körfuknattleiksmaður Stjörnunnar

Ægir er fæddur 1991 og hóf sinn feril í Fjölni og lék með félaginu upp alla yngri flokkana og í meistaraflokki þar til hann hélt út í atvinnumennsku bæði í Svíþjóð og Spáni. Hann hefur verið fastamaður í íslenska landsliðinu undanfarin ár og leikið 61 landsleik. Ægir kom til Stjörnunnar fyrir tímabilið 2018-2019 og var lykilmaður í árangri liðsins sem var sá besti í sögu deildarinnar og varð bæði bikar og deildarmeistari með liðinu. Hann skoraði að meðaltali 12,5 stig og gaf 7,5 stoðsendingar í leik. Hann var bæði valinn í úrvalslið ársins í Dominos deilinni og varnarmaður ársins. Auk þess var hann valinn af dómurum deildarinnar prúðasti



leikmaðurinn. Ægir er mikil og góð fyrirmynd yngri iðkenda. Hann tekur virkan þátt í þjálfun yngstu krakkanna og gefur mikið af sér til félagsins.

Þorsteinn Már Ragnarsson – knattspyrnumaður í Stjörnunni

Þorsteinn Már Ragnarsson átti frábært tímabil með m.fl.kk Stjörnunnar. Þorsteinn gekk til liðs við Stjörnuna fyrir tímablið 2018 frá uppeldisfélagi sínu Víkingi Ólafsvík. Samtals hefur hann leikið 46 deildar- og bikarleiki í búningi Stjörnunnar ásamt því að spila evrópuleiki fyrir félagið. Hann er jákvæður, vinnusamur og lætur fátt stöðva sig. Að loknu Íslandsmóti 2019 var Þorsteinn valinn besti leikmaður meistaraflokks karla af þjálfurum liðsins og ber það vott um þau gæði sem hann sýndi í sumar. Þorsteinn er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkenndur Stjörnunnar og erum við stolt af því að hafa hann í búningi Stjörnunnar.



Hilmar Snær Örvarsson – Skíðamaður, íþróttir fatlaðra

Árið 2019 var stórt ár hjá Hilmar Snæ, hann var fyrstur Íslendinga til vinna sigur á heimsbikarmótaröð fatlaðra 2019 í alpagreinum í Zagreb þar sem heimsbikarmótið í svigi fór fram í janúar. Þótt Hilmar sé einungis á 19. aldursári hefur hann þegar öðlast reynslu af keppni á stórmóti því hann keppti á Vetrar-Paralympics í Suður-Kóreu í fyrra og var fánaberi Íslands á leikunum. Þar keppti hann einnig í svigi og stórsvigi en Hilmar keppir í flokki aflimaðra. Í Landgraaf í Hollandi náði Hilmar Snær síðan í tvenn verðlaun á heimsbikarmótaröðinni 2020 í svigi, þriðja sæti þann 5. nóvember og annað sæti þann 8. nóvember. Tvisvar hafnaði hann í fjórða sæti. Hilmar Snær er einnig mjög frambærilegur golfari úr röðum GK. Það sýndi hann í sumar á Íslandsmótinu í högggleik þar sem hann var í 42. sæti. Árangur hans á mótinu; dagur 1 = 76 (+5 y.pari), dagur 2 = 73 (+2), dagur 3 = 82 (+11), dagur 4 = 71 (par).



Aron Snær Júlíusson – golfari GKG

Aron Snær hefur verið fastur maður í íslenska A-landsliðinu undanfarin ár og verið sá leikmaður sem hægt er að reiða sig á enda mjög öflugur og stöðugur kylfingur. Aron var í karlasveit GKG sem sigraði á Íslandsmóti golfklúbba í efstu deild. Hann ásamt tveimur öðrum lönduðu öðru sæti í Evrópumóti klúbbliða í Frakklandi, sem jafnaði besta árangur íslenskt liðs. Aron Snær hafnaði í 5. sæti í einstaklingskeppninni.

Aron Snær tryggði sér þátttökurétt á Nordic League mótaröðinni fyrir næsta tímabil og leikur því á næsta ári í 3. deild atvinnumanna. Aron Snær er frábær fyrirmynd annara, yngri sem eldri, reglusamur, vinnusamur og ávallt jákvæður. Hann er öflugur liðsmaður, hvetjandi og drífandi.



Umsagnir um konur í kjöri

Þórey Anna Ásgeirsdóttir – handknattleikskona Stjörnunni

Þórey Anna er búin að stimpla sig inn sem ein allra besta skytta í Olísdeildinni. Hún var í fjórða sæti yfir markahæstu leikmenn á síðasta tímabili og er markahæsti leikmaður Olísdeildar það sem af er þessu tímabili. Þórey er sífellt að bæta sig sem leikmaður og taka meiri ábyrgð í leikmannahópnum. Hún þjálfar yngri flokka félagsins ásamt æfingum og keppni með meistaraflokki.



Þórhildur Gunnarsdóttir – handknattleikskona Stjörnunni

Þórhildur er hjartað í liði Stjörunnar og er leiðtogi þess innan sem utan vallar. Hún er einstaklega ósérhlífin og gefur alltaf 100% í alla leiki og hefur marg oft dregið samherja sína áfram á erfiðum stundum. Hún er trúnaðarkona liðsins gagnvart stjórn og var valin mikilvægasti leikmaður Stjörunnar í fyrra. Þórhildur er að upplagi línumaður, en hefur spilað skyttu með frábærum árangri þegar þess er óskað.



Kolbrún Þöll Þorradóttir – fimleikakona í Stjörnunni

Kolbrún Þöll gegndi lykilhlutverki í kvennaliði Stjörunnar í hóp fimleikum þar sem þær urðu bæði Bikar- og Íslandsmeistarar 2019. Hún var í stóru hlutverki í öllum stökkseríum liðsins, en hún keppti í öllum umferðum á dýnu og trampólíni auk dansi. Kolbrún Þöll er í dag besta hóp fimleikakona heims í trampólín stökkum en hún hefur framkvæmt stökk með gífurlega háum erfiðleika í keppni. Þar má til dæmis nefna tvöfalt heljarstökk með beinum líkama og þremur og hálfri skrúfu og yfirslag heljarstökk með beinum líkama og tveimur og hálfri skrúfu. Hún er svo



búin að vera að æfa þrefalt heljarstökk með hálfri skrífu sem hún stefnir á að frumsýna í byrjun árs 2020, þá fyrst allra kvenna í keppni. Kolbrún Þöll er ekki bara frábær íþróttakona heldur einnig frábær fyrirmynd fyrir aðra iðkendur.

Anna María Baldursdóttir – knattspyrnukona í Stjörnunni

Anna María hefur spilað knattspyrnu með Stjörnunni frá barnsaldri og í mörg ár með meistaraflokki kvenna. Hún steig upp sem leiðtogi liðsins í sumar og leiddi ungt lið Stjörnunnar til árangurs framar vonum. Anna María er góð fyrirmynd og öflugur leikmaður og er félagið stolt af því að hafa hana í búningi Stjörnunnar.



Hulda Clara Gestsdóttir – golfari GKG

Hulda Clara er þrátt fyrir ungan aldur orðin fastaliðsmaður í A landsliði kvenna og komin í allra fremstu röð golfkvenna á Íslandi. Hún lék með kvennalandslíðinu á EM kvenna á Ítalíu. Á stigamótaröð GSÍ varð hún einu sinni í öðru sæti og tvisvar sinnum í þriðja sæti og hafnaði í þriðja sæti stigalistans eftir tímabilið. Hulda var lykilmaður í kvennasveit GKG sem sigraði á Íslandsmóti golfklúbba í efstu deild kvenna. Í Evrópumóti klúbblíða hafnaði GKG sveitin í 7. sæti og gerði Hulda sér lítið fyrir og sigraði í einstaklingskeppninni, fyrst íslenskra kvenna til að ná því afreki.



Hulda Clara hefur mikinn metnað og dugnað sem hefur komið henni nú þegar í fremstu röð. Árangur í mótum sýnir að þarna er um alvöru framtíðarkylfing að ræða sem hefur fulla burði til að ná efstu stigum atvinnumennsku á LPGA mótaröðinni. Hún er ávallt brosandí og jákvæð og er drífandi fyrirmynd annara sem kynnast henni.